

Ferli umsóknar um byggingarheimild / byggingarleyfi skiptist í tvo meginþætti:

1. Samþykkt byggingaráforma

2. Útgáfa byggingarheimildar / byggingarleyfis

1. Samþykkt byggingaráforma:

- Öll byggingarmál byrja þannig að umsækjandi óskar eftir byggingarheimild / byggingarleyfi með því að sækja um í gegnum rafræna þjónustugátt embættisins sem finna má á síðunni www.kjos.is.
- Mikilvægt er að samþykki allra eigenda byggingarlóðarinnar liggi fyrir eða séu skráðir umsækjendur um byggingarheimildina /byggingarleyfið
- **Með umsókninni þurfa að fylgja eftirfarandi gögn:**
- Tilkynning um hver sé hönnunarstjóri mannvirkisins ásamt staðfestingu hans á verkið í gegnum þjónustugátt
- Aðaluppdrættir sem gerðir eru af hönnuði sem hefur til þess löggilt réttindi, s.s. arkitekt, byggingafræðingi, tæknifræðingi eða verkfræðingi.
- Útfylltur gátlisti hönnuða vegna aðaluppdráttar
- Skráningartafla á rafrænu formi (excel)

Ef öll gögn sem fylgja með umsókn eru fullnægjandi er málið sent fyrir afgreiðslufund byggingarfulltrúa sem haldinn er einusinni í mánuði. Á afgreiðslufundi er farið yfir umsóknina og hvort umsóknin sé í samræmi við gildandi skipulag á því svæði sem byggingarlóðin er á.

- Ef umsókn er ekki í samræmi við gildandi skipulag -> máli hafnað eða sent áfram á skipulagsfulltrúa
- Ef umsókn er í samræmi við gildandi skipulag og uppfyllir kröfur byggingareglugerðar -> Samþykkt byggingaráform

Eftir afgreiðslufund er umsækjandi/umsækjendur upplýstur/upplýstir um það formlega hver niðurstaða afgreiðslufundar byggingarfulltrúa sé. Afgreiðslubrésið er sent umsækjanda/umsækjendum í tölvupósti – eða í einstaka tilvikum bréflaga.

Samþykkt byggingaráform jafngildir ekki byggingarheimild / byggingarleyfi heldur gefur aðeins til kynna að byggingaráformin séu í samræmi við skipulag og að senda megi inn frekari gögn og upplýsingar til að fá byggingarheimild / byggingarleyfi.

2. Byggingarheimild / byggingarleyfi

Ekki er gefin út byggingarheimild eða byggingarleyfi fyrr en eftirfarandi atriði hafa verið uppfyllt:

- Skil á fullnægjandi teikningum, þ.e. aðaluppdráttum af fyrirhugaðri framkvæmd
- Skil á skráningartöflu mannvirkisins
- Skil á upplýsingum um byggingarstjóra
- Skil á upplýsingum um iðnmeistara
- Byggingarleyfisgjöld hafa verið greidd
- Skil á starfsábyrgðartryggingum

Fyrir byggingarleyfi:

Ef séruppdráttum af burðarvirki, pípulögnum og raflögnum er ekki skilað samhliða aðaluppdráttum skal þeim skilað til byggingarfulltrúa áður en viðkomandi verkþáttur hefst.

Fyrir byggingarheimild:

Séruppdráttum af burðarvirki, pípulögnum og raflögnum skal skila til byggingarfulltrúa til varðveislu áður en lokaúttekt fer fram.

Þegar byggingarheimild hefur verið veitt / byggingarleyfi hefur verið gefið út – má hefja framkvæmdir